

Í athugasemdum Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að meðan á endurskoðun fornleifaskrár stendur séu ekki veitt leyfi til rannsókna á friðlýstum fornleifum nema að sérstaklega standi á. Fallist hafi verið á rannsókn friðlýstra fornleifa ef þær eru í yfirvofandi hættu t.d. vegna uppblásturs eða sjávarrofs. Einnig eru dæmi þess að veitt hafi verið leyfi til takmarkaðra rannsókna á þegar röskuðum fornleifum þótt friðlýstar séu. Í þessu sambandi kveður kærandi að rústunum á Böðmóðstungu standi ógn af tveimur giljum sem færst hægt og bítandi nær þeim. Ekki var vísað til þessa atriðis í umsókn kæranda. Í athugasemdum Fornleifaverndar ríkisins er því mótmælt að gilin ógni rústunum. Í málínu hafa verið lagðar fram ljósmyndir af staðháttum, þar á meðal loftljósmynd sem sýnir gilskorning mjög nálægt vesturgafli skálarústarinnar. Ljósmyndirnar sýna að umræddir gilskorningar eru grasi grónir og virðist vera um lækjarfarvegi að ræða. Þeirra er getið í friðlýsingarskránni frá 1930. Þeir sem til þekkja hafa ekki orðið varir við breytingar á aðstæðum í áratugi og staðfesta að ekki sé sjáanlegt rof í bökkum skorninganna. Fornleifanefnd telur í ljósi staðhátta lang sótt að rústirnar séu í yfirvofandi hættu vegna nálægðar við gilskorninga þessa.

Rústirnar að Böðmóðstungu eru einstakar í sinni röð og á meðal fallegustu rústa hér á landi. Þeim hefur ekki verið raskað með ágangi manna. Fornleifanefnd telur að Fornleifavernd ríkisins hafi fært frambærileg og lögmæt rök fyrir því að afgreiða umsókn um leyfi til rannsóknar á þeim með öðrum hætti en þegar leyfi hafa verið veitt til að rannsaka friðlýstar fornleifar. Ekki liggur því fyrir að afgreiðsla á umsókn kæranda hafi farið í bága við jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga.

Af þjóðminjalögum leiðir að það kemur í hlut Fornleifaverndar ríkisins að gera upp á milli sjónarmiða um verndun og varðveislu fornleifa annars vegar og rannsókna á þeim hins vegar. Um stefnu stofnunarinnar að þessu leyti geta verið skiptar skoðanir. Eins og atvikum er háttáð í máli þessu og þá einkum í ljósi þess að óskað var eftir leyfi til rannsóknar á óröskuðum en friðlýstum og merkum fornleifum hefur fornleifanefnd komist að þeirri niðurstöðu að ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins í málínu samrýmist bæði fyrirmælum og markmiðum þjóðminjalaga. Því ber að hafna kröfum kæranda og verður ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins því staðfest.

ÚRSKURÐARORD:

Staðfest er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins frá 2. ágúst 2011 um að hafna beri umsókn dr. Bjarna F. Einarssonar um rannsókn á rústum að Böðmóðstungu.

Reykjavík, 8. febrúar 2012.

Bjarni Þedurðóttir
Bjarni

Ragnheiður Traustadóttir
Ragnheiður Traustadóttir
Asmundur Helgum

FORNLEIFANEFND

Fornleifavernd ríkisins,
b.t. Kristínar Huld Sigurðardóttur,
Suðurgötu 39,
101 Reykjavík.


Reykjavík, 8. febrúar 2012.

Efni: Kæra í tilefni af synjun Fornleifaverndar ríkisins á leyfi til rannsóknar á Böðmóðstungu.

Vísað er til fyrri bréfaskipta í tilefni af kæru Bjarna F. Einarssonar, dags. 11. október sl., út af synjun Fornleifaverndar ríkisins á að veita honum leyfi til fornleifarannsóknar á rústum Böðmóðstungu í landi Holts á Síðu.

Meðfylgjandi er úrskurður í málinu sem kveðinn var upp á fundi fornleifanefndar fyrr í dag.

F.h. fornleifanefndar


Ásmundur Helgason, formaður

Miðvikudaginn 8. febrúar 2012 kveður fornleifaneftnd upp svohljóðandi

ÚRSKURÐ

í máli nr. 1/2011 í tilefni af kæru dr. Bjarna F. Einarssonar vegna synjunar Fornleifaverndar ríkisins um að veita leyfi til fornleifarannsóknar að Böðmóðstungu.

1. Kröfugerð og málsmeðferð

Hinn 26. október 2011 barst fornleifaneftnd kæra dr. Bjarna F. Einarssonar, dags. 11. október 2011, vegna synjunar Fornleifaverndar ríkisins um að veita leyfi til fornleifarannsóknar að Böðmóðstungu í landi Holts á Síðu. Kærandi gerir þá kröfu að fornleifaneftnd felli umrædda ákvörðun úr gildi og veiti honum leyfi til rannsókna í Böðmóðstungu árið 2012 í samræmi við umsókn hans.

Með bréfi, dags. 31. október 2011, var Fornleifavernd ríkisins gefið færi á að koma að athugasemdum við kæruna auk þess sem óskað var eftir því að öll gögn málsins yrðu afhent nefndinni. Fornleifavernd ríkisins svaraði með bréfi, dags. 9. nóvember 2011, sem barst nefndinni 22. sama mánaðar. Af svarbréfinu má ráða að stofnunin fari fram á það að kröfum kæranda verði hafnað.

Með bréfi 22. nóvember 2011 var kæranda gefið færi á að koma að athugasemdum við skýringar Fornleifaverndar ríkisins. Þær athugasemdir bárust 2. desember 2011 með bréfi, dags. 24. nóvember sama ár. Á fundi fornleifaneftndar 12. desember 2011 var ákveðið að leggja þessar athugasemdir kæranda fyrir Fornleifavernd ríkisins, þar sem þar komu fram ýmsar staðhæfingar sem ekki hefðu komið fram á fyrri stigum málsins. Það var gert með bréfi sama dag. Fornleifavernd ríkisins svaraði með bréfi, dags. 20. desember 2011, sem barst nefndinni 22. sama mánaðar. Kæranda var gefið færi á að gera athugasemdir við svarbréf stofnunarinnar með bréfi sama dag og bárust athugasemdir hans 2. janúar 2012.

Fjallað var um málið á fundi fornleifaneftndar 13. janúar 2012 og úrskurður kveðinn upp í því 8. febrúar 2012.

2. Málsatvik

Með umsókn á eyðublaði Fornleifaverndar ríkisins, dags. 18. júlí 2011, óskaði kærandi eftir leyfi til fornleifarannsóknar á tveimur rústum á Síðu í V-Skaftafellssýslu, annars vegar Böðmóðstungu og hins vegar Fjárhól. Í umsókninni kom fram að markmið rannsóknarinnar væri að aldursgreina „meint eyðibýli á heiðinni“, en menn hafi ætlað að um landnámsbýli væri að ræða. Fram kom að með rannsókninni hygðust menn varpa ljósi á hvort landnámsbyggðin á Síðuheiði hefði farið í eyði í gosinu í Eldgjá árið 934 eða hvort býli á láglendinu hefðu þá farið í eyði

og byggðin flust til heiða. Áætlað væri að grafa í miðju rústanna, til að auka líkurnar á því að lenda á langeldum, og/eða utan við veggi til að finna gjósku frá gosinu. Myndi staðsetning prufuholanna ráðast af aðstæðum. Yrðu holurnar yfirleitt 1 x 1 m að stærð og eins fáar og hægt væri, þó ekki fleiri en þrjár á hvorum stað. Í umsókninni var einnig gerð grein fyrir fjármögnun hennar og samstarfsaðilum.

Með bréfi Fornleifaverndar ríkisins 2. ágúst 2011 var erindinu svarað. Þar kom fram að fjallað hefði verið um umsóknina á fundi sama dag og að umbeðið leyfi til fornleifarannsóknar í rústum Fjárhóls verið samþykkt. Hins vegar hefði verið hafnað að veita leyfi til rannsókna á Böðmóðstungu. Synjunin var rökstudd með því að rústirnar hefðu verið friðlýstar árið 1930 af þáverandi þjóminjaverði, Matthíasi Þórðarsyni. Fornleifavernd ríkisins væri að vinna að endurskoðun, skráningu og mati á friðlýstum fornleifum, þar á meðal á rústum Böðmóðstungu. Veitti stofnunin ekki leyfi til fornleifarannsókna á friðlýstum fornleifum meðan á þeirri vinnu staði nema í undantekningartilvikum. Með hliðsjón af þessu og með vísan til 2. gr. reglna um veitingu leyfa til fornleifarannsókna nr. 390/2006 væri umsókninni því hafnað.

3. Helstu röksemadir kæranda fyrir kröfum sínum

Í kærunni er vísað til þess að í þjóðminjalögum nr. 107/2001 sé kveðið á um að gefa skuli út skrá um friðlýstar fornleifar á þriggja ára fresti. Á það er bent að sú fornleifaskrá sem aðgengileg sé á heimasiðu Fornleifaverndar ríkisins hafi staðið óbreytt frá 1990. Endurskoðun fornleifaskrárinnar virðist því vera margra áratuga langt verkefni. Svo langt rannsóknarbann vegna vinnu við endurskoðun skrárinnar sé óviðunandi og hamli verulega þekkingarsköpun, auk þess sem tímafresti laganna er ekki fylgt við þessa endurskoðun.

Í kærunni er því enn fremur haldið fram að mörg leyfi hafi verið veitt til rannsókna á friðlýstum fornleifum frá árinu 1989. Í því efni vísar kærandi meðal annars til rannsókna sem hann hafi staðið fyrir að Granastöðum í Eyjafjarðardal (1987-1991), Írskubúðum á Snæfellsnesi (1996 og 1999), Goðaborg á Borgarkletti á Mýrum (1999), Búðarárbakka (2004) og á Kirkjubæjklaustri (2000-2006). Enn fremur vísar kærandi til rannsókna annarra fornleifafræðinga eins og að Skálholti, Þingvöllum, Hringsdal í Arnarfirði, Eiríksstöðum í Döldum, Gufuskálum á Snæfellsnesi, Hofi í Vopnafirði, Gásum í Eyjafirði, Skriðuklaustri á Héraði, Þingnesi við Elliðavatn og Þorláksbúð við Skálholt. Af kærunni má ráða að kærandi telji að jafnræðis hafi ekki verið gætt við afgreiðslu á umsókn hans, sbr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Kæran er enn fremur reist á því að á það skorti að umræða hafi farið fram meðal fræðimanna eða milli fræðimanna og yfirvalda um þá ráðagerð að gefa ekki út leyfi til fornleifarannsókna á friðlýstum fornleifum. Bendir kærandi á að slík neitun sé fátið í

nágrannaríkjunum og reyndar óþekkt í vissum skilningi. Þá er í kærunni talið að þau rök, að um friðlýstar fornleifar sé að ræða og að endurskoðun á friðlysingu standi yfir, hafi ekki lagalegt gildi. Þannig sé löng hefð hér á landi fyrir því að rannsaka friðlýstar fornleifar eins og í nágrannaríkjum okkar.

Í síðari bréfaskiptum er að auki vísað til þess að fyrir liggi að leyfi hafi verið veitt fyrir rannsóknum á friðlýstum fornleifum liggi þær undir skemmdum t.d. vegna uppblásturs eða sjávarrofs. Telur kærandi að rústunum að Böðmóðstungu standi ógn af tveimur giljum sem færist hægt og bítandi nær þeim. Annað gilið sé núna um einn metra frá vesturgafli skálans og aðrar rústir neðar í brekkunni séu býsna nálægt báðum giljunum.

Þá telur kærandi að friðlysing órannsakaðra fornleifa viðhaldi gömlum hugmyndum sem kunni að vera reistar á misskilningi eða rangtulkunum. Hann leggur enn fremur áherslu á að unnt sé að haga rannsókninni þannig að varla sjáist ummerki eftir prufuholurnar, sem verði í mesta lagi þrjár og hver þeirra að jafnaði 1 x 1 metri að stærð. Eftir nokkur ár myndu öll ummerki eftir rannsóknina vera horfin en eftir stæðu vonandi upplýsingar um aldur rústanna, veggjagerð og eðli mannvistarlag. Virðist kærandi álíta að hér eigi möguleikar til þekkingaröflunar að vega þyngra en sú takmarkaða röskun sem rannsókn rústanna hefur í för með sér.

4. Helstu röksemadir Fornleifaverndar ríkisins

Fornleifavernd ríkisins dregur í efa að fornleifaneftir hafi vald til að veita leyfi til fornleifarannsókna eins og kærandi fari fram á. Um það vísar stofnunin til 2. mgr. 6. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að synjun leyfis hafi verið óheimil eigi málið að fara aftur til Fornleifaverndar ríkisins til afgreiðslu.

Af hálfu stofnunarinnar er áréttáð að synjun á leyfi til rannsóknar á Böðmóðstungu hafi byggst á því að rústirnar væru friðlýstar og að unnið væri að endurskoðun, skráningu og mati á friðlýstum fornleifum af hálfu stofnunarinnar. Meðan sú endurskoðunarvinna færi fram væri almennt ekki veitt leyfi til rannsókna á friðlýstum fornleifum nema í undantekningartilvikum. Þessi rök séu að mati stofnunarinnar að öllu leyti málefnaleg og fyllilega í samræmi við það hlutverk stofnunarinnar að varðveita fornleifar landsins.

Á það er bent að auk þjóðminjalaga leggi Fornleifavernd ríkisins ýmsa alþjóðlega samninga um fornleifar til grundvallar starfi sínu, þ. á m. Evrópusamning um vernd fornleifaarfsins (London 6. maí 1969) og samning um vernd menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (París 16. nóvember 1972). Hafa aðildarríki skuldbundið sig með þessum samningum til að velja þversnið af öllum tegundum minja sem þar er að finna og vernda til framtíðar fyrir komandi kynslóðir. Enn fremur vísar stofnunin

til endurskoðaðs Evrópusamnings um vernd fornleifaarfsins (Valeutta 16. janúar 1992) um mikilvægi friðlýsingar.

Stofnunin ber því við að fjárskortur og niðurskurður á fjárveitingum hafi tafið vinnu við endurskoðun á friðlýstum fornleifum landsins. Fornleifavernd ríkisins hafi tekið til starfa í lok árs 2001 og endurskoðunarvinnan hafi hafist sumarið eftir. Þessi vinna sé þó langt komin viða um land, en skemmti þó á Vestfjörðum og á Suðurlandi. Stefnt hafi verið að því að ljúka henni árið 2011 en fjárskortur hafi hamlað því.

Fornleifavernd ríkisins hafnar því að brotið hafi verið gegn jafnræði við synjun á leyfi til rannsókna á Böðmóðstungu, enda hafi stofnunin ekki gefið leyfi til rannsókna á friðlýstum fornleifum nema í sérstökum tilvikum. Stofnunin tekur þó fram að hún geti ekki borið ábyrgð á leyfum til fornleifarannsókna sem veitt höfðu verið áður en stofnuninni var komið á fót í árslok 2001. Þetta eigi t.d. við um rannsókn á Eiríksstöðum og Þingnesi sem hófust fyrir þetta tímamark. Þá telur stofnunin ekki unnt að bera leyfisveitingar til rannsókna á grundvelli laga nr. 12/2001 um Kristnihátiðarsjóð saman við umsókn um leyfi til rannsóknar á Böðmóðstungu. Helgist það af því að í fyrrnefnda tilvikinu hafi löggjafinn ákveðið að kosta rannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar svo sem á Þingvöllum, Skálholti og Hólum í Hjaltadal. Í athugasemdum stofnunarinnar kemur einnig fram að leyfi hafi verið veitt til rannsókna að Gufuskálum og í Hringsdal vegna þess að rústirnar hafi legið undir skemmdum. Einig hafi verið veitt leyfi til rannsókna á Búðarárbakka þar sem fyrir hafi legið upplýsingar um að þær væru í hættu vegna línlugagnar. Sama eigi ekki við um rústirnar á Böðmóðstungu. Varðandi rannsókn á Þorláksbúð leggur stofnunin áherslu á að þær rústir hafi verið raskaðar auk þess sem rannsóknin hafi verið gerð til að kanna hvort grafið hefði verið niður úr rústinni.

Um rústirnar að Böðmóðstungu segir í athugasemdum stofnunarinnar að þar sé skáli sem tálinn er frá landnámsöld. Hann sé sá stærsti sem þekkist hér á landi. Rústirnar séu óraskaðar og meðal fallegustu rústa sem friðlýstar eru hérlendis. Umhverfis þær sé fallegt óraskað menningarlandslag sem mikilvægt er að varðveita. Minjarnar séu greinilegar í landslaginu og ekkert sem ógni þeim þannig að það kalli á rannsókn á þeim með fornleifauppgreftri. Á svæðinu séu aðrar friðaðar minjar sem svari þeirri rannsóknarsprungingu sem prufuskurðunum í Böðmóðstungu sé ætlað að svara. Telur stofnunin mikilvægt að varðveita minjarnar til framtíðar en lýsir því jafnframt yfir að hún muni veita leyfi til rannsókna á öðrum minjum í svipaðri hæð sem þátt í samanburðarrannsóknum kæranda. Stofnunin upplýsir að það sé vilji hennar að Böðmóðstunga verði áfram á skrá yfir friðlýstar fornminjar.

Fornleifavernd ríkisins mótmælir því að engin umræða hafi farið fram um friðlýsingarmál eða að stofnunin hafi ekki upplýst um stefnu sína í þessu efni. Vísar hún þar til skýrslu um stefnumörkun í fornleifavernd á Íslandi fyrir árin 2006 til 2011

sem stofnunin hafi unnið að. Þá mótmælir stofnunin því að í nágrannalöndunum sé fátítt að leyfi til rannsókna á friðlýstum fornminjum sé hafnað.

5. Forsendur og niðurstaða fornleifaneftnar

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 er heimilt að skjóta ákvörðunum Fornleifaverndar ríkisins um rétt eða skyldu manna, s.s. ákvörðunum um leyfisveitingar samkvæmt 15. gr. laganna, til fornleifaneftnar. Af þessu leiðir að kæranda er unnt að bera undir fornleifaneftnd synjun Fornleifaverndar ríkisins um leyfi til að rannsaka rústirnar á Böðmóðstungu. Telji nefndin að ákvörðunin samrýmist ekki fyrirmælum eða markmiðum þjóðminjalaga getur hún fellt hana úr gildi eða breytt henni, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Käran barst innan þriggja mánaða kærufrests samkvæmt 1. mgr. 27. gr. sömu laga.

Í þjóðminjalögum er við það miðað að allar fornleifar séu friðaðar. Þannig er óheimilt er að spilla þeim, granda eða breyta, sem og að hylja þær, laga eða aflaga, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins, sbr. 10. gr. þjóðminjalaga. Þá eru fornleifarannsóknir á jarðfostum fornleifum óheimilar nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 15. gr. sömu laga.

Þjóðminjalög mæla enn fremur fyrir um friðlýsingu fornleifa. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar og skal birta friðlýsinguna í Stjórnartíðindum auk þess sem þinglýsa ber henni sem kvöð á viðkomandi landareign, sbr. 3. mgr. 11. gr. þjóðminjalaga. Friðlýsing jarðfastra fornleifa merkir að þær teljast til þjóðminja sem ákveðið hefur verið að varðveita, sbr. 4. mgr. 1. gr. þjóðminjalaga, en þar segir eftirfarandi: „Þjóðminjar teljast þær minjar er varða menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðlýsingu.“ Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs öllum friðlýstum fornleifum, sbr. 17. gr. þjóðminjalaga, en sú skylda nær ekki til annarra fornleifa.

Af framangreindu má ráða að með friðlýsingu öðlist jarðfastar fornleifar aukna vernd auk þess sem ábyrgð Fornleifaverndar ríkisins og ríkisvaldsins eykst á viðaldi þeirra og varðveislu til miðlunar á menningarsögu Íslands og til seinni tíma rannsókna. Fornleifarannsóknir fela í sér jarðrask auk þess að hafa óhjákvæmilega áhrif á möguleika þeirra sem síðar koma til athugana og ályktana af minjunum. Rannsókn á fornleifum vegur því á vissan hátt að markmiði friðlýsingar þeirra. Í þessu ljósi telur fornleifaneftnd það samrýmast markmiðum þjóðminjalaga að Fornleifavernd ríkisins eigi mat um það hvort tímabært sé að rannsókn fari fram á friðlýstum fornleifum sem og á hvaða forsendum og með hvaða hætti hún er gerð.

Rústirnar að Böðmóðstungu í landi Holts á Síðu voru friðlýstar árið 1930 samkvæmt þágildandi lögum, en friðlýsingunni var þinglýst 29. júní 1931. Rústirnar

eru því friðlýstar og njóta þeirrar verndar sem að framan greinir, sbr. lokamálslið 3. mgr. 11. gr. þjóðminjalaga.

Fornleifanefnd tekur fram að á þeim tíma sem rústirnar voru friðlýstar nutu fornleifar almennt ekki friðunar að lögum. Þætti efni til að vernda þær gegn ágangi manna má ætla að gripið hafi verið til friðlysingar til að hindra tjón. Þess eru dæmi að síðar hafi komið í ljós að friðlysing hafi verið reist á röngum forsendum um menningarsögulega þýðingu fornleifanna. Þá taka viðhorf til þess hvaða fornleifar verðskulda friðlysingu breytingum frá einum tíma til annars. Þess vegna er mikilvægt að skrá um friðlýstar fornleifar sé endurskoðuð reglulega að teknu tilliti til bestu þekkingar hverju sinni. Fyrirmæli 1. mgr. 11. gr. þjóðminjalaga miða að þessu, en þar er kveðið á um að skrá um friðlýstar fornleifar skuli endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ljóst er að þessi lagaskylda hefur ekki verið uppfyllt, þessari vinnu er enn þá ólokið rúmum tíu árum eftir að Fornleifavernd ríkisins tók til starfa. Þó að lagafyrirmælum um endurskoðun friðlysingskrár hafi ekki verið fylgt telur fornleifanefnd ekki unnt að líta svo á að af þeim sökum verði Fornleifavernd ríkisins í auknum mæli að leyfa rannsóknir á friðlýstum fornleifum. Með því að fornleifarannsókn kann að valda óafturkræfri röskun á fornleifum er eðlilegt að þær njóti hugsanlegs vafa við úthlutun rannsóknarleyfa, einkum og sér í lagi ef bráð ógn steðjar ekki að þeim að öðru leyti.

Samkvæmt 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ber stjórnvöldum að gæta jafnræðis og samræmis í lagalegu tilliti þegar ákvörðun er tekin um réttindi og skyldur manna. Kærandi vísar í kæru sinni til þess að leyfi hafi verið veitt til rannsókna á friðlýstum fornleifum og nefnir dæmi í því sambandi. Í athugasemdum Fornleifaverndar ríkisins er vikið að þessum tilvikum og færð rök fyrir því að atvik í þeim séu ekki tæk til samanburðar við umsókn kæranda. Enn fremur kemur þar fram að Fornleifavernd ríkisins hafi, frá því stofnuninni var komið á fót, veitt 474 leyfi til fornleifauppgraftra, en hafnað rannsóknum í fimm tilvikum. Í þremur tilvikum hafi verið um friðlýstar fornleifar að ræða.

Fornleifanefnd fellst á að ekki eigi við úrlausn mála um leyfisveitingar til rannsókna á fornleifum að líta til þeirrar framkvæmdar sem var við lýði á þessu sviði áður en nágildandi þjóðminjalög voru sett árið 2001 og Fornleifavernd ríkisins var komið á fót. Þá verður ekki fram hjá því litio að þau leyfi, sem voru veitt til rannsókna á fornleifum, sem styrkt voru af Kristnihátiðarsjóði, byggðust á sérstökum lagaforsendum. Í b-lið 2. gr. laga nr. 12/2001 um Kristnihátiðarsjóð ákvað löggjafinn að hlutverk sjóðsins væri að styrkja fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, Skálholti og Hólum. Þessi ákvörðun var tekin án tillits til þess hvort um friðlýstar fornleifar væri að ræða. Að mati fornleifanefndar er af þessum sökum ekki unnt að bera leyfi til þessara rannsókna saman við leyfi til rannsóknar á rústunum á Böðmóðstungu.